

Nd.

478. Nefndarálit

[107. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá 2. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og fengið um það umsagnir framleiðsluráðs landbúnaðarins og yfirdýralæknis, en báðir þessir aðilar leggjast eindregið gegn samþykkt þess.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Meiri hluti nefndarmanna er andvígur því, en einn þeirra (BGr) skilar sérstöku álit.

10. gr. laga nr. 94 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., sem hér er gert ráð fyrir að breyta, stefnir fyrst og fremst að því að tryggja bæta meðferð sláturfjárafurða með nokkurri takmörkun á veitingu slátrunarleyfa.

Nýtizku slátruhús með þeim frágangi og búnaði, sem fullkomnar heilbrigðiskröfur gera ráð fyrir, eru mjög dýr í byggingu, og stofnkostnaðurinn er þeim mun tilfínanlegri sem húsin eru aðeins notuð um stuttan tíma á ári hverju. Fjölgun slátruhúsa mundi því leiða til lækkaðs verðs til framleiðenda eða hækkaðs verðs til neytenda, nema hvort tveggja yrði. Er þess að vænta, að menn séu sammála um, að það sé ekki æskilegt.

Sú fjölgun slátrunarstaða, sem leiða mundi af rýmkun á veitingu slátrunarleyfa, eins og frv. þetta gerir ráð fyrir, hlýti mjög að torvelda viðleitni löggjafans og framleiðsluráðsins til að vinna að fullkomnun slátruhúsa landsins. Þannig gerir frv. ráð fyrir því, að veita skuli slátrunarleyfi öllum þeim, sem slíkt leyfi höfðu 1959, þó að vitað sé, að fjölmörg þeirra slátruhúsa, sem þá fengu slátrunarleyfi, svara á engan hátt þeim kröfum, sem gera ber til slíkra húsa. Um þetta segir yfirdýralæknir í umsögn sinni um frv.:

„Nú sem stendur eru nær öll hin minni slátruhús í því ástandi, að þau geta ekki talizt hæf sem slátruhús. Stærri húsin, þar sem flestu fé er slátrað, eru yfirleitt miklu fullkomnari, og þar virðist bæði áhugi og bolmagn til þess að halda húsunum við og framkvæma nauðsynlegar endurbætur. Litlu húsin eru langflest einfaldir blikkskúrar með ófullkomnum útbúnaði, en hafa verið starfrækt undanfarin ár í skjóli undanþáguheimildar gildandi laga um þetta efni.“

Á undanförnum áratugum hefur heldur stefnt í þá átt, þótt of hægt hafi gengið, að slátrun og meðferð sláturfjárafurða hefur færzt í hendur nokkuð stórra framleiðslusamvinnufélaga. Það er engum vafa undirorpið, að þessi þróun hefur verið heillavænleg, ekki aðeins framleiðendum, heldur ekki síður neytendum, því að með þeim hætti hefur tilkostnaður orðið minni en ella, vöruvöndun meiri og eftirlit hins opinbera með vörugæðum og heilbrigðisháttum öruggara. Það er augljóst hagsmunamál bæði neytenda og framleiðenda, að þessari þróun verði ekki snúið við og að það verði tryggt, að hlutaðeigandi yfirvöld hafi sem bezt skilyrði til að vinna að því að bæta meðferð og verkun afurðanna.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur ályktað einróma að mæla eindregið gegn samþykkt frumvarps þessa. Í umsögn þess segir m. a.:

„Breytingin mundi, ef að lögum yrði, valda því, að slátruhúsum fjölgaði og útbúnaður og aðstaða til slátrunar versnaði frá því, sem nú er. Viða um land er enn notazt við ólöggt slátruhús, og er nú verið að vinna að því, m. a. með breytingu á lögum um kjötmat o. fl., að bæta aðstöðu til slátrunar og helst að leggja niður lökustu slátruhúsin. Breyting sú, sem hér um ræðir, mundi verka í öfuga átt og verða til þess að auka kostnað við slátrun og valda afturför í meðferð og verkun sláturfjárafurða.“

Við leggjum því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 18. maí 1960.

Helgi Bergs, Karl Guðjónsson.
frsm.